



Siðareglur stjórnarmanna hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs.

1. Markmið

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hátterni og viðmót sem ætlast er til að stjórnarmenn sýni af sér við störf sín fyrir hönd Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., í siðareglum þessum einnig nefnt SHS.

2. Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Stjórnarmenn gegna störfum sínum af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Í störfum sínum er stjórnarmaður bundinn af brunavarnaáætlun, lögum, reglugerðum, stofnsamningi og starfs- og siðareglum stjórnar, sem og sannfæringu sinni.

Stjórnarmenn hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæi í ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn SHS.

Stjórnarmenn hafa eftirlit með rekstri SHS og gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstrar SHS sé ávallt eins og best verður á kosið. Stjórnarmenn aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé.

Stjórnarmenn upplýsa íbúa síns sveitarfélags um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri SHS eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir til að axla ábyrgð á störfum sínum opinberlega.

3. Valdmörk

Stjórnarmenn gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi SHS. Þeir sýna störfum og réttindum annarra stjórnarmanna og starfsmanna SHS tilhlýðilega virðingu.

4. Hagsmunaárekstrar

Stjórnarmenn forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hætta er á slíkum árekstrum. Á þetta einnig við ef þær breytingar verða á högum stjórnarmanna, að valdið gætu slíkum hagsmunaárekstrum.

Um mat á hæfi við afgreiðslu einstakra mála og málsmeðferð í því sambandi fer eftir hæfisreglum samþykktar um stjórn þess sveitarfélags sem þeir eru fulltrúar fyrir. Stjórnarmenn nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir SHS lýkur.

5. Gjafir og fríðindi

Stjórnarmenn þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu SHS, ef almennt má líta á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu, nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Við mat á því hvað séu óverulegar gjafir skal horft til reglna sem það sveitarfélag sem þeir eru fulltrúar fyrir setur sér.

6. Trúnaður

Stjórnarmenn gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

Stjórnarmenn virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum, í nefndum og ráðum SHS, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggir hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

7. Að virða hlutverk starfsmanna SHS

Stjórnarmenn skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna SHS. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða stjórnarmönnum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.



8. Stöðuveitingar

Stjórnarmenn gæta þess að við stöðuveitingar hjá SHS sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

9. Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa og almennings

Stjórnarmenn undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki SHS, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu SHS og annan þann hátt sem stjórn SHS ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Siðareglur þessar voru samþykktar og undirritaðar rafrænt á fundi stjórnar

Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. 14. október 2022.

Stjórn SHS

Dagur B. Eggertsson,
Reykjavík.

Þór Sigurgeirsson,
Seltjarnarnesbæ.

Regína Ástvaldsdóttir,
Mosfellsbæ.

Ásdís Kristjánsdóttir,
Kópavogsbæ.

Almar Guðmundsson,
Garðabæ.

Rósa Guðbjartsdóttir,
Hafnarfjarðarbæ.

(rafrænar undirritanir á öftustu síðu)

Undirritunarsíða

f.h. Reykjavíkurborgar
Dagur B Eggertsson

f.h. Hafnarfjarðarbæjar
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Kópavogsbæjar
Ásdís Kristjánsdóttir

f.h. Garðabæjar
Almar Guðmundsson

f.h. Seltjarnarnesbæjar
Þór Sigurgeirsson

f.h. Mosfellsbæjar
Regína Ásvaldsdóttir